

**Tillögur að breytingum
á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um
skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr.
45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um
tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með
síðari breytingum, sbr. þingskjal 553 – 321. mál.**

1. brtt.

Eftirfarandi breytingar verða á 3 gr. frumvarpsins:

a. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

b. Í stað orðanna „fyrirkomulag útgreiðslu“ í 6. mgr. kemur: fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu.

2. brtt.

Á eftir II. kafla frumvarpsins kemur nýr kafli, III. kafli, **Breyting á lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, sem verður 7. gr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skulu útgreiðslur séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði VIII til bráðabirgða við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ekki reiknast til skerðingar á húsaleigubótum.

3. brtt.

Í stað orðanna „2. másl. 5. tölul.“ í a-lið 5 gr. frumvarpsins kemur: 4. og 5. tölul.

4. brtt.

Heiti frumvarpsins verður: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Athugasemdir við breytingartillögurnar

Um 1. brtt.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að allir sem eiga séreignarsparnað geti fengið greitt út allt að 1 millj. kr., óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður sé í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila séreignarsparnaðar. Margir eiga séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila og er því þörf á að eftirlit verði með því að ekki sé hægt að leysa út meira en 1 milljón kr. með því að fara á milli vörsluaðila. Hér er lagt til að

ríkisskattstjóri sinni því eftirliti og að kveðið verði nánar um fyrirkomulag þess í reglugerð.

Um 2. brtt.

Hér er lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skerði ekki húsaleigubætur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar greiðslur skerði ekki barnabætur, vaxtabætur eða atvinnleysisbætur og er þessi breytingartillaga lögð fram til að gæta samræmis þegar kemur að opinberum bótum.

Um 3. brtt.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að mönnum verði heimilað að draga allt að 6% viðbótariðgjald frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Til að ákvæðið nái til allra þarf að vera tilvísun í bæði 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. tekjuskattslaga en í 5. tölul. er einungis talað um þá sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Til þess að ákvæðið nái einnig til launþega er þessi breytingartillaga lögð fram.

Um 4. brtt.

Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt til samræmis við 2. brtt. og lögum um húsaleigubætur bætt við upptalninguna.